

Varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna, reglugerð nr. 1050/2017

- Hvaða gögn þurfa starfsstöðvar að leggja fram?
- Hvað þarf að koma fram í gögnunum?

1. Áætlun um stórslysavarnir -starfsstöðvar í lægri og hærri mörkum

Almennt um öryggisstjórnkerfið:

- Kerfið þarf að vera í hlutfalli við hættur, starfsemina og skipulag.
- Það á að byggja á áhættumati.
- Það skal einnig ná til þess hluta almenna stjórnkerfisins er varðar skipulag, ábyrgð, starfshætti, aðferðir og vinnsluferli.

Öryggisstjórnunarkerfið skal taka á eftirtöldum atriðum:

- Hlutverk og ábyrgð starfsfólks við stjórnun helstu áhættuþátta.
 - Ráðstafanir til að auka vitund starfsfólks um þörf á stöðugum umbótum.
 - Þjálfun starfsfólks og undirverktaka.
 - Samstarf við starfsfólk og undirverktaka m.t.t að tryggja öryggi.
 - Greining og mat á helstu stórslyshættum, líkum, umfangi og afleiðingum.
 - Tilgreina hvaða kerfisbundnu aðferðir eru notaðar við hættugreiningu bæði í eðlilegum og óeðlilegum aðstæðum
 - Hvernig öryggi er tryggt í rekstrinum
 - Skipulag og hönnun endurbóta og breytinga.
 - Neyðaráætlun, hvernig er brugðist við aðstæðum sem koma upp í hættugreiningu, sviðsmyndir og prófun.
 - Símat, áætlun um vöktun kerfisins, hvernig er brugðist við ef aðstæður koma upp sem voru ekki fyrir séðar í hættugreiningarferlinu.
 - Reglubundinni úttekt og endurskoðun á öryggisstjórnunarkerfi. Áætlun um reglubundnar innri úttektir öryggisstjórnkerfisins
- Senda skal Vinnueftirlitinu áætlun um stórslysavarnir við upphaf rekstrar. Áætlunina skal endurskoða á a.m.k. 5 ára fresti, oftast ef aðstæður breytast, og senda Vinnueftirlitinu

2. Upplýsingar til almennings *- starfsstöðvar í lægri og hærri mörkum*

Upplýsingar um eftirtalda þætti skal leggja fram:

- Nafn rekstraraðila og fullt heimilisfang starfsstöðvar
- Staðfesting á að starfsstöðin falli undir reglugerðina og fylgni við hana
- Almenn lýsing á starfsstöð og starfsemi, þannig úr garði gerð að hún sé skiljanleg almenningi

- Almenn heiti og flokkun hættulegra efna sem gætu valdið stórslysi. Auk þess upplýsingar um hættulegustu eiginleika efnanna sem um ræðir, sett fram þannig að upplýsingarnar séu skiljanlegar almenningi
- Upplýsingar um hvernig þess hluta almennings sem málið varðar er gert viðvart ef slys verður.
- Upplýsingar um viðbrögð og hegðun íbúa ef slys verður, og hvar má nálgast upplýsingar um þessa hluti.
- Dagsetning síðustu eftirlitsheimsóknar Vinnueftirlitsins eða hvar má nálgast þær upplýsingar og hver má nálgast ítarlegri upplýsingar
- Hvar má nálgast frekari upplýsingar með fyrirvara um undanþáguákvæði laga svo sem nr.23/2006 um upplýsingarétt um umhverfismál og nr.140/2012 upplýsingalaga

-auk fyrrgreinds, fyrir starfsstöðvar í hærri mörkum

- Almennar upplýsingar um eðli stórslyshættunnar þ.m.t möguleg áhrif á heilbrigði manna og umhverfis. Auk þess nákvæmt yfirlit yfir helstu sviðsmyndir stórslysa og varúðarráðstafanir gegn þeim.
- Staðfesting á að rekstraraðila sé skylt að gera viðeigandi ráðstafanir á staðnum, einkum að hafa samband við neyðarþjónustu til að bregðast við stórslysum og draga úr afleiðingum þeirra.
- Viðeigandi upplýsingar úr „neyðaráætlun til að nota utan starfsstöðvar“ (ytri neyðaráætlun) um viðbrögð við slysum þar með talið ráðleggingar um að hlíta skuli fyrirmælum neyðarþjónustu
- Taka skal fram hvort starfsstöðin er nálægt landamærum annars aðildarríkis eftir því sem við á ef stórslys gæti haft áhrif yfir landamæri.

-Gert er ráð fyrir að upplýsingar til almennings séu aðgengilegar á heimasíðu fyrirtækisins og þarf að uppfæra þær eins oft og breytingar verða. Vinnueftirlitið mun vísa á heimasíður fyrirtækjanna varðandi upplýsingar.

3. Öryggisskýrsla *-starfsstöðvar í hærri mörkum*

Samantekt

- Upplýsingar um stjórnkerfi og skipulag m.t.t. stórslysavarna, skulu taka mið af upplýsingum sem eru gefnar upp í **áætlun um stórslysavarnir**.
- Upplýsingar um stofnannir og fyrirtæki sem koma að gerð öryggisskýrslu.

Öryggisskýrsla skal taka til eftirfarandi þátta

- Lýsing á starfsstöðinni og umhverfi hennar, þ.m.t landfræðileg lega, veðurfar, staðhætti, vatnamælingar og annað sem gæti skipt máli eins og t.d. sögu.
- Lýsing stöðva í starfsstöð, ferlar, afurðir og annarri starfsemi sem stórslyshætta gæti stafað af.
- Upplýsingar um nærliggjandi stöðvar og stöðvar sem heyra ekki undir reglugerðina, svæði og framkvæmdir sem gætu aukið hættu og/eða afleiðingar stórslyss vegna hugsanlegrar keðjuverkunnar.
- Lýsing á svæðum þar sem stórslys gætu orðið
- Lýsing á helstu starfsemi og framleiðsluvörum þeirra hluta starfsstöðvarinnar sem eru mikilvægir m.t.t öryggismála ásamt lýsingu á stórslysavöldum og aðstæðum sem stórslys gætu orðið við.
- Lýsing á ferlum þar sem tekið er mið af upplýsingum um bestu starfsvenjur.
- Ýtarleg lýsing á hættulegum eignum, ásamt upplýsingum um efna-, eðlis-, og eiturefnafræðilega eiginleika er valda hættu fyrir heilbrigði manna og umhverfis. Upplýsingar skulu taka tillit til núverandi aðstæðna og þeirra sem síðar gætu komið til. Einnig skal taka tillit til hegðunar efnanna við eðlilegar og hugsanlegar stórslysa aðstæður.
- Nákvæm lýsing á hugsanlegum sviðsmyndum stórslyss og líkum á að slíkar aðstæður komi upp. Lýsingin skal taka tillit til orsaka tengdum starfseminni en jafnframt utanaðkomandi aðstæðna eins og keðjuverkun frá öðrum starfsstöðvum og náttúruhamfara.
- Mat á því hversu víðtækar og alvarlegar afleiðingar skilgreindra stórslysa gætu verið, notast má við texta, kort og myndir eftir því sem við á.
- Endurskoðun fyrri slysa og næstum slysa sem sömu ferli koma við sögu og hvaða lærdómur var dregin af þeim.
- Lýsing á tæknilegum færíbreytum og búnaði sem er notaður til að tryggja öryggi í starfsstöðinni.
- Varnir og viðbúnaður til að draga úr afleiðingum stórslyss. Þetta tekur til lýsingar á búnaði í starfsstöð eins og greiningar- og varnarkerfi, tæknibúnaður til að minnka umfang losunnar, vatnsúða, gufuskermun, safnkerjum, öryggislokum, óvirkjandi kerfum og öðru sem gæti skipt máli.
- Skipulag viðvörunnar og viðbúnaðar
- Lýsing á tiltækum úrræðum í starfsstöðinni ef stórslys verður
- Lýsing á öllum viðkomandi ráðstöfunum sem eru tæknilegs eðlis eða ekki til að draga úr áhrifum stórslyss.
- Öryggisskýrsla skal skila til Vinnueftirlitsins við upphaf rekstar. Skýrsluna skal endurskoða á a.m.k. 5 ára fresti, oftast ef þurfa þykir, og senda Vinnueftirlitinu. Vinnueftirlitið birtir skýrsluna á heimasíðu sinni.



4. Neyðaráætlanir

-starfsstöðvar í hærrí mörkum

a. Neyðaráætlun til nota í starfsstöðinni, innri neyðaráætlun

-Nöfn eða stöður þeirra sem er heimilt að hefja neyðaraðgerðir og þess sem stjórnar og samræmir aðgerðir á staðnum.

-Nafn og staða þess sem annast tengsl við neyðarstjórn almannavarna.

-Lýsing búnaðar, úrræða og aðgerða við hættuávik til að hafa stjórn á aðstæðum

-Ráðstafanir til að draga úr hættu fyrir þá sem eru á staðnum, þar með talið hvernig fólk er varað við og til hvers er ætlast af þeim sem eru á staðnum

-Ráðstafanir um hvernig tilkynningu til viðeigandi aðila (neyðarlínu, Vinnueftirlitsins.....) sem allra fyrst.

-Ráðstafanir til að tryggja að starfsmenn sem er ætlað að sinna og samræma aðgerðir í samstarfi við neyðarþjónustu, hafi hlotið viðhlítandi þjálfun.

-Ráðstafanir til aðstoðar við að draga úr skaða utan starfsstöðvar

-Innri neyðaráætlun skal skila til Vinnueftirlitsins við upphaf rekstrar. Eftir það skal uppfæra hana og senda Vinnueftirlitinu á a.m.k. þriggja ára fresti og oftár ef breytingar verða á aðstæðum.

b. Viðbragðsáætlun til að nota utan starfsstöðvarinnar, ytri neyðaráætlun

-Nöfn eða stöður þeirra sem er heimilt að hefja neyðaraðgerðir og þeirra sem er heimilt að stjórna og samræma aðgerðir utan starfsstöðvarinnar.

-Ráðstafanir og aðferðir til að fá sem fyrst tilkynningu um óhapp; aðferðir við útkall

-Hvernig eru úrræði samræmd þegar ytri neyðaráætlun er gangsett

-Ráðstafanir til að draga úr skaða í starfsstöð

-Ráðstafanir til að draga úr skaða utan starfsstöðvar þar sem tekið er tillit til hugsanlegrar keðjuverkunnar við aðrar starfsstöðvar

-Ráðstafanir til að koma upplýsingum til almennings og nærliggjandi starfsemi sem reglugerðin gildir ekki endilega um varðandi slysið og viðbrögð við því.

-Ráðstafanir, ef við á, um hvernig skal upplýsa neyðarþjónustu annara aðildarríkja ef slysið hefur áhrif yfir landamæri.

Hafa skal í huga að:

-Ytri neyðaráætlun er fyrst og fremst hugsuð fyrir slökkvilið og almannavarnir til að lýsa útkalli, aðkomu og aðgerðum þeirra í tilfelli stórslyss. Í 18.gr er beinlínis tekið fram að viðkomandi almannavarnarnefnd skuli láta gera viðbragðsáætlunina

-Ytri neyðaráætlun þarf að vera gagnort, yfirlitsgott og fljótlesið gagn um viðbrögð utanaðkomandi við ákveðnu neyðarástandi, á að geta höndlað stórslys samkvæmt verstu sviðsmynd eins og hún kemur fram í áhættugreiningu öryggisskýrslu.

-Ytri neyðaráætlun skal skila til Vinnueftirlitsins við upphaf rekstrar. Eftir það skal uppfæra hana og skila til Vinnueftirlitsins á a.m.k. þriggja ára fresti og oftár ef breytingar verða á aðstæðum.